Kl. 12.30
Sigurjón Haraldsson*, markaðs- og þróunarstjóri hjá AMBIA ehf., flytur fyrirlestur hjá Opna listaháskólanum um það hvernig hægt er að gera hugverk að markaðsvöru. LHÍ, Laugarnesvegi 91, í stofu 024.*

menning

menning@frettabladid.is

Útrás og innrás í sögunni

„Útrás og innrás í sögulegu ljósi“ nefnist erindi sem Þór Sigfússon hagfræðingur flytur í Þjóðminjasafninu á morgun. Fyrirlesturinn er annar í röðinni í hádegisfundaröð Sagnfræðingafélags Íslands, sem hefur yfirskriftina „Hvað er útrás?“

Í erindinu mun Þór rekja hin stórauknu umsvif íslenskra fyrirtækja í útlöndum undanfarin ár og vekja máls á sögulegum forsendum þeirra. Einnig mun hann fjalla um aukna „innrás“ erlendra fyrirtækja í íslenskt hagkerfi.

Fyrir hálfum mánuði vakti upphafserindi Ólafs Ragnars Grímssonar, forseta Íslands, í fundaröðinni mikla athygli og talsvert umtal. Forseti fór fögrum orðum um „útrásina“ og verður fróðlegt að heyra næst mat hagfræðings á eðli hennar og umfangi.

Þór Sigfússon er forstjóri Sjóvár. Hann er með meistaragráðu í hagfræði og hefur skrifað þrjár bækur um Ísland í útrás og alþjóðavæðingu.

Hádegisfundurinn er að venju í Þjóðminjasafni Íslands og hefst klukkan 12.10. Aðgangur er ókeypis og öllum heimill. Dagskrá fundaraðarinnar „Hvað er útrás?“ má finna á heimasíðu Sagnfræðingafélags Íslands, www.akademia.is/saga.



> Ekki missa af ...

... fyrirlestri Ilmar Stefánsdóttur myndlistarmanns hjá Opna listaháskólanum í hádeginu á morgun. Hún ætlar að fjalla um verk sín síðustu fimm árin og sýna videoverk og ljósmyndir.

... næstsíðustu óperu Mozarts, La Clemenzia di Tito, sem Sinfóníuhljómsveit Íslands flytur á tónleikum sínum á fimmtudagskvöldið. Með tónleikunum minnist Sinfónían þess að 250 ár eru liðin frá fæðingu tónsnillingsins.

... sýningu Kristínar Þorkelsdóttur í Gerðarsafni í Kópavogi þar sem hún sýnir tvo heima, annars vegar grafíska hönnun sína, hins vegar vatnslitamyndir.

Krúttmamman

MYNDLIST

LISTASAFN REYKJAVÍKUR
Gabríela Friðriksdóttir
Versations/Tetralogía

Niðurstaða: Þetta er sýning til þess að fara einn á og vera lengi að skoða.



VERSATIONS/TETRALOGIA Hluti úr verki Gabríelu Friðriksdóttur, sem nú er til sýnis í Hafnarhúsinu.

Þessi verk Gabríelu voru sýnd sem framlag Íslands á Feneyjatvíæringnum á síðastliðnu ári. Það eru ýmsar hugrenningar sem koma upp við skoðun á þessari sýningu.

Í fyrsta lagi rennur það upp fyrir mér að Gabríela er líklega formóðir nýrrar kynslóðar í íslenskri myndlist. Hún var sú fyrsta sem sló tóninn sem við kennum við krúttkynslóðina, kynslóðina sem neitar að verða fullorðin, blandar saman há-tækni og lág-tækni og er að takast að móta okkar menningarumhverfi á nánast öllum sviðum í dag – kvikmyndagerð, tónlist, bókmenntum og myndlist. Kynslóðin sem þráir það ekta og hafnar glóbalismanum.

Það sem Gabríela á svo sannarlega kemur skýrast fram í línuteikningum hennar. Þar er hennar mesti styrkur. Þar felast miklir áhrifavaldar dagsins í dag og auðvitað er hún ekkert ein á báti þar frekar en aðrir listamenn. Þar er verðandi sem alls ekki hafur náð fullu risi. Þar er miklu meiri frásaga og sannari en í vídeóverkunum fyrir minn smekk.

Heimur myndbandanna er samt merkilegur, hluti af umfangsmikilli hefð þar sem ræturnar liggja í einhverskonar gotík, frá Hieronymus Bosch, gegnum rómantík 19. aldar – Grimmsævintýri.

Hryllingsmyndahefðinni á tuttugustu öld, bókmenntum rómönsku ameríku, í austur-evrópskum kvikmyndum – eins og Jodorowsky (Kvikmynd hans Holy Mountain var einmitt mynduð í Mexíkó í þessum anda) eða Jan Swankmeyer. Þetta er allt skylt.

Samtímalistamönnum eins og Gelatin hópnum og mörgum fleirum. Þetta er nánast út um allt ef maður bara opnar augun.

Það ganga kenningar um að nútíminn sé að verða eins og miðaldir í merkingunni að áhugi okkar beinist inn á við – oftar en ekki undir leiðsögn Virgils. Á svæði óra, kynjamynda, martraða og ofskynjana. Þar voru Grimmsævintýrin. Þar er Harry Potter og Hringadróttinssaga. Mér er sagt að uppáhaldsmynd krúttanna sé Gremlin – allt voða sætt fram að miðnætti en þá breytist allt í...

Það sem mér finnst óþarfi á þessari annars um margt merkilegu sýningu er þegar lakkhjúpurinn er of þykkur – eins og í hátölurunum sem hanga í glugganum. Þeir hafa misst sakleysi sitt, eru of hannaðir.

Gabríela er klárlega einn mikilvægasti myndlistamaður samtímans á Íslandi en það sem er ekta verður minna eftir því sem „hæpið“ í kringum hana verður meira.

Þetta er sýning til þess að fara einn á og vera lengi að skoða.











